

Margfalt betri afkoma

Afkoma Seltjarnarnesbæjar var jákvæð um 229 milljónir á síðastliðnu ári sem er margfalt betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þetta kemur fram í ársreikningi Seltjarnarness fyrir árið 2012 en hann var samþykktur á fundi bæjarstjórnar 8. maí sl.

Seltjarnarnesbær lækkaði útsvar 1. janúar 2013 og nú er álagningarprósentan 13,66%, sem er með því lægsta á landinu öllu. Í ársreikningum bæjarfélagsins kemur m.a. fram að langtímaskuldir bæjarins eru 263 mkr. sem telst ekki íþyngjandi greiðslubirgði. Um 300 milljónum var varið í framkvæmdir á árinu 2012 og var stærsta einstaka framkvæmdin við viðhald og gerð gatna fyrir rúmar 117 mkr. Bókfært verð eigna eru rúm-ir fimm milljarðar. Í frétt frá Seltjarnarnesbæ segir að ljóst megi vera að íbúar á Nesinu kunna að meta ábyrga framkvæmdastjórn í bæjarmálefnum og óeigingjarnt framlag bæjarstarfsmanna, en í árlegri þjónustukönnun Capacent kom fram að 91% íbúa eru ánægðir með búsetuskilyrðin.

Að viðhalda fjárhagslegum stöðugleika

„Ársreikningurinn sýnir góða stöðu Seltjarnarnesbæjar og það vil

ég þakka góðu samstarfi við starfsmenn og íbúa bæjarins,” segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri í samtali við Nesfréttir og bætir við að stefnt sé að því að skila enn betri árangri í rekstri fyrir yfirstandandi ár. „Við lækkuðum útsvarið 1. janúar sl. niður í 13,66%, en það hefur ávallt verið stefna Seltjarnarnesbæjar að halda álögum í lágmarki. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir hallalausum rekstri og áfram verður fylgst með framvindu í afkomubrún á næstu misserum þannig að unnt verði að ná þeim markmiðum sem bæjarstjórn hefur sett sér um að standa vörð um grunnþjónustu við íbúana en halda þó þeim fjárhagslega stöðugleika, sem hefur einkennt rekstur bæjarfélagsins um langt skeið.“

Fræðslumálin fjárfrekust

Ásgerður segir að fræðslumál séu stærsti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins og á eftir komi íþrótt- og æskulýðsmál. „Við höfum lagt kapp á að hlusta á óskir fjölskyldufólks í bæjarfélaginu og beitt okkur fyrir virku samstarfi bæjarstjórnar, starfsmanna bæjarfélagsins og íbúa í því skyni að gera gott samfélag betra,” segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjar-

stjóri. Hún nefnir sem dæmi um þetta að Seltjarnarnesbær sé eitt fárra bæjarfélaga sem bjóði öllum námsmönnum, sem þess óska, sumarstarf í átta vikur. Á það jafnt við um grunnskólabörn frá 8. bekk sem háskólanemendur sem eiga lögheimili á Nesinu. „Þetta framtak er hluti af stefnu bæjarins í forvarnarmálum en það skiptir okkur miklu að unglingar séu í skipulögðu starfi hluta af sumrinu. Í þessu samhengi vil ég vekja athygli á frábærri niðurstöðu nýrrar rannsóknar hjá Rannsóknunum og greiningu sem sýnir að reykingar eru óþekktar meðal grunnskólanema á Seltjarnarnes og áfengisneysla heyrir nánast sögunni til. Þetta heitir að ná árangir í forvörnum,” segir Ásgerður og kveðst stolt af unglöngunum á Seltjarnarnesi.



Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is



PANTAÐU Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Betri samgöngur

Seltjarnarnes er umlukið sjó á þrjá vegu. Eina tenging þess við annað fast land er Eiðið. Um það liggja leiðir Seltirninga til og frá heimabyggð sinni. Annars vegar um Nesveginn sem er íbúðagata í Vesturbænum. Gata sem endar við Ægissíðuna aðra íbúðagötu sem liggur í átt að Skerjafirði. Hin leiðin er um Eiðisgrandann inn á Hringbraut eða lengra til Norðurs inn á Mýrargötu. Hringbrautin er bæði umferðar- og íbúðagata sem klýfur Vesturbæ Reykjavíkur. Því hefur verið rætt um að takmarka umferð um hana með einhverju móti. Mýrargatan tengist Sæbraut einni aðalumferðaræð Reykjavíkur í gegnum Geirsgötu sem liggur um svæði gömlu hafnarinnar. Að undanförmu hefur umhverfi Mýrargötunnar verið að breytast. Þar hafa skotið rótum hótél og veitingastaðir og nú er rætt um aukna íbúðabyggð. Það kallar á að umferð um hana verður að takmarka.

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa áhyggjur af þessari þróun. Með henni er verið að þrengja að samgöngumálum íbúa á Nesinu að ekki sé talað um flóttaleiðir ef náttúruhamfarir eða óvæntir atburðir steðja að. Í ljósi aðstæðna er ekki hægt að takmarka möguleika Seltirninga til þess að komast út byggðalagi sínu frekar en orðið er. Þetta kallar á nána samvinnu Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar um skipulag samganga í Vesturhluta borgarinnar. Hugsanlega þarf að draga fram hugmyndir um að setja Mýrargötuna í stokk eða finna aðrar hugsanlegar niðurgöngur leiðir. Þar yrði um stórt verkefni að ræða sem fremur verður unnið á áratug en á einu ári. Engu að síður er nauðsynlegt að hefjast handa nú þegar að koma á samvinnu og fara að leita lausna. Síðan gætu framkvæmdir hafist sem gefa verður einhvern tíma. Málið er að vestasti hluti höfuðborgarsvæðisins sem ef til vill á eftir að verða að einu sveitarfélagi verði ekki einangraður frá öðrum hlutum þess.

Þrenging Mýrar- og Geirsgötu óraunhæf



Bæjarmörk Seltjarnarness og Reykjavíkur.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Seltjarnarness leggst eindregið gegn þeim fyrirætlunum sem nú eru uppi um þrengingu umferðar um Mýrar- og Geirsgötu og hvetur skipulagsyfirkvöld Reykjavíkurborgar til að koma með raunhæfar lausnir á þeim umferðarvanda sem augljóslega blasir við á þessu svæði.

Skipulags- og mannvirkjanefndin telur að mörgum spurningum sé ósvarað varðandi þetta mál og einnig umhverfi Hringbrautar í ljósi fyrirhugaða stórbygginga Landspítalans við Hringbraut. Þessum spurningum hafi fjölgað eftir að Holtsgöng hafi verið felld úr áður kynntu svæðisskipulagi. Í bókun mannvirkjanefnar segir að erfitt sé að sjá hvernig þær samgöngu-

æðar sem hafa mesta þýðingu fyrir íbúa Seltjarnarness eigi að geta sinnt þeirri umferð sem fyrirjafanleg er í framtíðinni. Þetta eigi bæði við venjulegar aðstæður og einnig ef upp komi ástand sem krefst skjótrar hóprýmingar. Þórður Búa-son skipulagsstjóri Seltjarnarnesbæjar tekur undir þetta og segir að með breytingum á þessum götum verði þær ekki jafngóður kostur fyrir Seltjarnarnes ef rýma þyrfti bæjarfélagið. Því þurfi að skoða öll áform um breytingar á þessum leiðum í ljósi þess að fólk úr öðrum byggðum þurfi að eiga leið í gegnum borgina.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Nesbúinn



Þurfum við að fara sjóleiðina til Reykjavíkur?



Tugir þúsunda söfnuðust



Tugir þúsunda söfnuðust á tónleikum til styrktar Endurhæfingarardeild Grensás á uppstigningardag en þá stigu á stökk þrjú öflugir kórar undir stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur, tónmenntakennara og stjórnanda í Félagsheimili Seltjarnarness.

Tilgangurinn var fjóröflunarskemmtun fyrir endurhæfingarardeild Grensás en þar söfnuðust tugþúsunda króna sem eiga án efa eftir að

koma í góðar þarfir. Kórarnir sem komu fram voru Litlu snillingarnir sem eru um það bil 60 talsins, Meistari Jakob sem 16 ungmenni skipa, Gömlu meistararnir sem eru alls 15 auk hljóðfæraleikara og einsöngvara. Kórfélagar sáu um veitingasölu í hléi og söfnuðu líka í bauka. Félagsheimilið var fullt út úr dyrum og þar ríkti einstök stemning meðal gesta sem tónlistarfólks.



Spurningakeppni í Mýró

Skólasafn Mýró stóð fyrir mjög spennandi spurningakeppni um valda rithöfunda og bækur þeirra í apríl. Nemendur í 4. til 6. bekkjum fengu að vita nöfn höfunda og verka fyrir í vetur svo þeir gætu lesið bækurnar og undirbúið sig. Keppnin var í anda Útsvars, með hraðaspurningum, vísbendingaspurningum, leiknum orðum og að lokum völdu liðin rithöfund og gátu þá leitað til bekkjarins með aðstoð við að svara.

Hörð keppni var á milli 6. LBP

og 6. KH. Bæði liðin voru vel lesin og úrslitin réðust ekki fyrir en á lokamínútunum. En að lokum voru það nemendur í 6. LBP sem stóðu uppi sem sigurvegarar. Keppendur 6. LBP voru: Cristina, Kári, Hrund og varamenn voru Kolbrún og Stefán. Fyrir hönd 6. KH kepptu Októ, Anna og Ólöf Krístrún, varamenn voru Rut og Kjartan. Vinningsliðið fékk verðlaunapening og fær til varðveislu farandbikar sem keppt verður um að ári.

Aðra hvora helgi í allt sumar

Ís fyrir alla



Ís fyrir fólk með ofnæmi, sykursýki, mjólkuróþol og þá sem eru að passa upp á línurnar.

Bara í Ísbílnum



Margar gerðir af gómsætum ís sem fást hvergi nema í Ísbílnum.

Heitasti pinni Ísbílsins



THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**

Sjá nánar áætlun og vöruúrval á www.isbillinn.is



Við erum á Facebook
www.facebook.com/isbillinn



www.isbillinn.is



Skólalúðrasveitin 45 ára

Skólalúðrasveitin á Seltjarnarnesi er 45 ára um þessar mundir. Fjöldmennir vortónleikar hennar í Seltjarnarneskirkju á dögunum voru því um leið afmælistónleikar á þessum tímamótum hennar.

Mikill fjöldi nemenda kom fram á tvennum vortónleikum skólans en að þeim loknum hófust afmælistónleikar lúðrasveitar skólans þar sem vandað var til fjölbreyttrar efnisskrár. Bæði A- og B-sveitir lúðrasveitarinnar spiluð á afmælistónleikunum undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar, en hann hefur leitt lúðrasveitarstarfið síðastliðin

25 ár. Í tilefni afmælisins afhenti Baldur Pálsson, fræðslustjóri, sveitinni 500.000 krónur að gjöf til starfsins f.h. bæjarstjórnar Seltjarnarness og þakkaði Kára og meðlimum sveitarinnar fyrir öflugt og skapandi starf. Í vor eru nákvæmlega 45 ár liðin síðan sveitin fór í sitt fyrsta ferðalag en þá var áfangastaðurinn Borgarnes. Í vor ætlar sveitin að bregða undir sig betri fætinum og heimsækja skólahljómsveitina í Stykkishólmi og halda með heimamönnum tónleika sem fram fara sunnudaginn 26. maí.



Einstakur árangur í vímuevörnum

Grunnskólanemar á Seltjarnarnesi reykja hvorki eða drekka. Þetta kom fram í máli Jóns Sigfússonar framkvæmdastjóra Rannsóknna og greiningar í kynningu á niðurstöðum nýrrar rannsóknar fyrir starfsfólk Seltjarnarnesbæjar fyrirverið. Þar kemur fram að reyklingar hafi verið óþekktar á meðal grunnskólanema á Seltjarnarnesi undanfyrir þrjú ár og áfengisneysla heyrir nánast sögunni til á meðal þessa aldurshóps. Að sögn Jóns er árangurinn einstakur fyrir sveitafélagið sem átti í ákveðnum vanda að þessu leyti fyrir nokkrum árum. Hann segir mikilvægt að byggja forvarnarvinnu á niðurstöðum og slaka hvergi á.

Sams konar mælingar hafa staðið yfir í um 15 ár og eru niðurstöðurnar afar þýðingarmiklar fyrir Seltjarnarnesbæ, sem hefur unnið stórsigur í vímuefnavörnum með markvissu átaki. Fyrir nokkrum árum bar talsvert á reyklingum og jafnvel drykkju á meðal eldri grunnskólanema og

var af því tilefni settur á fót öflugur samráðshópur á Nesinu á árinu 1998 en þá var ástandið hvað verst. Ásgerður Halldórsdóttir núverandi bæjarstjóri varð forstöðumaður hópsins og hefur gegnt því starfi allt frá byrjun og einnig eftir að hún tók við starfi bæjarstjóra. Ungmennafélag var stofnað á Nesinu fyrir nokkrum árum en það var hluti af þessu forvarnarverkefni og nú hefur verið ákveðið að opna sérstakt ungmennahús á Nesinu á komandi hausti en það verður ætlað öllum ungmennum 16 ára og eldri. Þar mun m.a. verða í boði skemmtidagskrár, fræðslukvöld, klúbbar og námskeiðshald. Sigrún Hvanndal Magnúsdóttir yfirfélagsráðgjafi bæjarins er verkefnastjóri hópsins. Hún segir þennan góða árangur megi þakka eftirfylgni samráðshópsins. Hún segir þetta vera langhlaup sem krefjist þolinmæði en nú sé samfélagið að uppskera rikulegan árangur.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Sumar er Sangria

Komdu á Tapas barinn og smakkaðu á sumrinu.

Ísköld Sangría, stútfull af ferskum ávöxtum með Fresita jarðaberjafreyðivíni, appelsínusafa og leyniblöndu af sterku áfengi og líkjörum.

Glas 1.190 kr.

Kanna, 1 l 3.190 kr.



RESTAURANT-BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

Láttu það eftir þér, vertu frjáls, njóttu lífsins.

Við erum að uppskera

„Ég geri ekki miklar kröfur til ykkar í bæjarstjórninni,“ sagði góður vinur minn við mig fyrir tæpum þremur árum og hann bætti við: „Ég vil aðeins að álögur á okkur bæjarbúa séu hófsamar, sameiginlegum fjármunum okkar sé varið af skynsemi, skólarnir séu til fyrirmyndar og staðið sé vel að verki í þjónustu við þá eldri.“

Það hefur langt í frá verið einfalt fyrir okkur sjálfstæðismenn í meirihluta bæjarstjórnar að uppfylla þessar kröfur. Við höfum þurft að taka til hendinni í góðu samstarfi við starfsmenn bæjarins og í sátt við bæjarbúa. En við erum að uppskera.

Á liðnu ári skilaði bæjarsjóður okkar Seltirninga 229 milljóna króna afgangi. Með aðhaldi, útsjónarsemi og það sem margir kalla gamaldags íhaldssemi, tókst að skila mun betri árangri í rekstri okkar góða bæjarfélags en vonir stóðu til.

Við Seltirningar nutum þess að útsvarstekjur voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir lækkuð útsvarsprósenta. Á sama tíma tókst okkur að tryggja lægri útgjöld, en reiknað var með, án þess að gefa

nokkuð eftir í þjónustu eða fresta framkvæmdum og viðhaldi. Góð samvinna við fjárhagsáætlun milli starfsmanna bæjarins, stjórnenda og bæjarfulltrúa skilaði þessum góða árangri, sem við eigum öll að vera stolt af.

Allt frá hrúni fjármálakerfisins 2008 hefur meginverkefni okkar í bæjarstjórn verið að koma jafnvægi á rekstur bæjarsjóðs. Með skipulegum og markvissum hætti hefur tekist að tryggja góða fjárhagsstöðu og lægri gjaldheimtu af bæjarbúum. Þessi árangur hefur ekki verið sjálfsagður eins og dæmin sanna í rekstri flestra annarra sveitarfélaga á Íslandi. Í því ljósi er vert er að þakka öllu því góða starfsfólki sem starfar hjá Seltjarnarnesbæ og leggur sig fram hvern dag veita íbúum bæjarins góða og vandaða þjónustu.



Guðmundur Magnússon.

Framundan eru jákvæðir tímar á Seltjarnarnesi. Í sumar verður haldið áfram að fegra bæinn, vinna að viðhaldi og endurnýjun gatna- og gangstétta, ásamt því að sinna nauðsynlegu viðhaldi á eignum. Á næstu vikum munum við sjá unga Seltirninga vinna við að snyrta og fegra bæinn enda er það í takt við lífs-gildi okkar á Nesinu að bjóða ungu

fólki sumarvinnu.

En ekkert er sjálfgefið og við þurfum að halda vöku okkar. Staðan er góð og við þurfum að tryggja að bæjarbúar fái að njóta hennar enn frekar. Það er í anda okkar sjálfstæðismanna að huga að enn frekari lækkuun gjalda um leið og við sækjum fram í þjónustu við bæjarbúa.

Guðmundur Magnússon
Bæjarfulltrúi og formaður fjárhags-
og launanevndar.

MIKLABORG

Vantar 3ja til 4ra herbergja

Fasteignasöluinni Miklaborg hefur verið falið að leita að 3ja til 4ra herbergja íbúð á Seltjarnarnesi. Kostur ef það væri lyfta eða ekki margar tröppur. Um er að ræða sterkar greiðslur fyrir réttu eignina.



Nánari upplýsingar veitir
Olafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltir fasteignasali

FASTEIGNASALAN 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Fjörutíu og tvö tonn af gúmmí

Fjörutíu og tvö tonn af gúmmí þurfti til endurnýjunar á gervigrasvelli Seltirninga sem hefur nú fengið gagnvera upplýftingu.

Með því að þetta hann með gúmmíefninu eru meiri líkur á að grasið sjálft haldist heilt til lengri tíma. Völlurinn hefur verið í stöðugri notkun frá 2005 og því mikilvægt að honum sé vel við haldið.



**SUMARNÁMSKEIÐ
2013**

Námskeið í júní og ágúst
Skráning á vef skólans
www.myndlistaskolinn.is

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Iceland's Finest

Fiskisúpa
Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fánlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.

FRYSTIVARA FÆST Í NÆSTU VERSLUN

Elísabet heiðruð



Elísabet Jónsdóttir ásamt séra Bjarna Bjarnasyni sóknarpresti og nokkrum heldri borgurum á Seltjarnarnesi.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar hefur heiðrað Elísabetu Jónsdóttur fyrir frumkvöðlastarf en hún átti frumkvæði að því ásamt séra Braga Skúlasyni, Ólafi Egilssyni og félagsmálastjóra bæjarins að boða til fundar með eldri mönnum á Seltjarnarnesi og heyrta hvar áhugi þeirra lægi varðandi félagslega samveru og tómstundir. Var öllum körlum 67 ára og eldri sent fundarboð á sínum tíma og í framhaldi af því fundað með þeim í safnaðarheimili kirkjunnar.

Á fundinum var lagt á ráðin með frekari viðfangsefni eftir að hafa heyrt hugmyndir fundargesta og út frá þessum fundi urðu til nokkrir hópar karla. Einn þeirra hittist í kaffi í safnaðarheimilinu tvisvar viku, annar hópur hefur fengist við ýmis konar smíðar í smíðastofu Valhúsaskóla, sem Haukur Björnsson stýrir og þriðji hópurinn er matarklúbbur og hittist sex sinnum á ári og eldar saman. Þetta frumkvæði

Elísabetar blés lífi í félagsstarf eldri manna en þeir hafa ekki verið eins duglegir og konur á þeirra aldri að sækja það félagsstarf sem í boði er á vegum bæjarins. Af gefnu tilefni afhenti Ásgerður Halldórsdóttir Elísabetu blómvönd fyrir dugnað og ósérhlífi í þessu skemmtilega verkefni í kaffisamsæti karlanna í kirkjunni nú fyrir stuttu.

Tærleiki og fegurð í verkum Torfa Ásgeirssonar

Sterkir litir og afgerandi línur einkenna málverk listamannsins Torfa Ásgeirssonar, sem opnar sýningu í Eiðisskeri, sýningarsal Seltjarnarness fimmtudaginn 23. maí kl. 17.



Ein mynda Torfa Ásgeirssonar.

Algengt grunnstef í myndum Torfa er íslensk náttúra og birta. Varpað er fram stemmningu sem klædd er í búning tærleika, kyrrðar og tímaleyfis. Myndirnar eru málaðar með olíulitum á striga. Torfi Ásgeirsson er fæddur á Húsavík 29. desember 1960. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1981 og útskrifaðist frá málaraeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1988. Helstu sýningar sem Torfi hefur haldið eru einkasýningar í Ásmundarsal árið 1993 og í Safnahúsinu á Húsavík árið 1997, samsýningar í Safnahúsinu á Húsavík árið 1990 og Hafnarhúsinu í Reykjavík árið 1995. Allir eru velkomnir á opnun sýningarinnar, en hún er opin alla virka daga 10 til 19, nema föstudaga 10 til 17. Aðgangur er ókeypis.



Snjallt að kíkja á okkur á **adal.is**



HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjaneshæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Aðalskodun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið **200 lítra eldsneytisúttekt.**

Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Aðalskodun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallhrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjaneshæ
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

Pógó slær í gegn í Mýró



Vinsælasti leikurinn hjá krökkunum í Mýró er Pógó.

Í páskafríinu voru málaðir fjórir vellir fyrir leikinn á skólalóðina en fljótlega var tveimur bætt við.

Kvenfélagið Seltjörn 45 ára

Kvenfélagið Seltjörn var stofnað 3. apríl 1968 og varð því 45 ára fyrr á þessu ári og er fyrsta félag kvenna hér á Seltjarnarnesi. Það er mjög margt sem mætti upp telja af störfum okkar á öllum þessum árum. Fyrst er að nefna að Selkórinn er upprunnin hjá okkur með stofnun kvennakórs er söng fyrst á jólafundi í desember 1968. Kvennakórinn starfaði í nokkur ár, varð síðar blandaður kór og hefur verið það síðan. Kórinn óx frá okkur eins og barn sem fer úr föðurhúsum, og við erum stoltar af þessu afkvæmi okkar er sett hefur svip á bæinn frá upphafi.

Við höfum staðið fyrir ýmsum uppákomum, svo sem kaffisölu á sumardaginn fyrsta, geysivinsæla stórdansleik fyrsta vetrardag þar sem færri hafa komist að en vildu og jólatréssemmtun barna sáum við um til fjölda ára. Með breyttum aðstæðum eru þetta orðnar góðar minningar um störf okkar.

Lagt kirkju og skólum lið

Mörgu höfum við lagt lið svo sem skólum og kirkju. Til margra ára veittum við viðurkenningar fyrir góðan árangur í handmennt í Mýrarhútaskóla, en við sameiningu skólanna þá féll það niður. Glerlistaverk höfum við gefið í báða skólana. Til kirkjunnar höfum við gefið ýmislegt, svo sem fermingarkirtla, kirkjuklukkan, stóla og glerlistaverk í anddyri ásamt fleiru. Á konudaginn hafa kvenfélagskonur tekið virkan þátt í guðsþjónustunni bæði með ritningalestri, bænalestri og predikun og séð um veitingar eftir messu. Síðustu ár höfum við séð um kaffi á höfundakynningu í bókasafninu fyrir jól.

Jólagjafir til heimilismanna á Bjargi

Eitt af því sem hefur verið árviss viðburður, frá upphafi, eru jólagjafir til heimilismanna á Bjargi. Það hefur mælst mjög vel fyrir, bæði hjá heimilismönnum og starfsfólki. Einnig höfum við séð um sjóð er nefnist Hjálparsjóður Seltjarnarness. Í þennan sjóð er hægt að sækja ef alvarleg veikindi og aðrir erfiðleikar hafa komið upp hjá fjölskyldum.

Við leggjum mikið upp úr því að rækta okkur sjálfar með námskeiðum, menningarferðum, bæði innanlands og utan, og ekki síst að vinna og vera saman, taka tillit til hver annarrar, vera hvetjandi og jákvæðar. Kvenfélagskonur sóttu kvennaráðstefnuna Nordisk Forum í Oslo 1987 og í Åbo í Finnlandi 1994.



Núverandi og fyrrverandi formenn Seltjarnar: talið frá vinstri yfir til hægri; Ragnhildur Guðmundsdóttir, núverandi formaður, Sigurbjörg Sigurðardóttir, Edda M. Jensdóttir, Rannveig Ívarsdóttir, Sveinbjörg Simonardóttir, Bára Vestmann, Pálína Oddsdóttir og Erna Kristinsdóttir Kolbeins.

Ferð til Cocheim

Haustið 2008, þegar félagið var 40 ára, fórum við í eftirminnlega ferð til Cocheim, sem er í Móseldalnum í Þýskalandi. Cocheim kastali var skoðaður og þar snæddum við kvöldverð, sigldum á ánni Mosel og margt fleira. Á síðasta hausti fórum við í mjög góða menningarferð til Brussel og Brugge í Belgíu og enduðum á stórri blómasýningu í Venlo í Hollandi. Urðum við margs vísari um land og þjóð Belga og nutum allra þeirra blóma og rósa sem Hollendingar rækta. Laugardaginn 4. maí fylktum við liði og fórum í Brunch á VOX restaurant í tilefni af 45 ára afmælinu.

Fengum inni í kirkjunni

Kvenfélagið hefur verið á hrakhólum með húsnæði fyrir fundi og önnur störf í nokkur ár. Síðustu þrjú ár vorum við á bókasafninu, en nú höfum við fengið inni í norðursal kirkjunnar, til frambúðar, og mun það bæta mjög aðstöðu okkar til starfa.

Húfur og vettlingar á litlu börnin

Eins og kom fram í síðasta blaði Nesfrétta erum við að þrjúna húfur og vettlinga sem eiga að ylja nýburum bæjarins. Ljósmaður á heilsugæslunni sjá um að afhenda gjafirnar, og hefur þetta vakið mikla athygli bæði hjá foreldrum barnanna og starfsfólki heilsugæslunnar.

Í dag eru 45 konur skráðar í félagið. Við teljum okkur ekki hafa verið neitt þúkalegar, gamaldags kerlingar, eins og yngri kynslóðin heldur stundum, hjá okkur höfum við brú-

að kynslóðarbilið. Með okkur hafa starfað konur á öllum aldri, húsmæður, þingkonur og ráðherra og konur úr flestum starfsstéttum. Við hvetjum konur til að kynna sér störf okkar og vita hvort ekki sé tilvalið að ganga til liðs við okkur. Við erum ekki bara að baka.

Í Kvenfélagasambandi Gullbringu- og Kjós

Við erum aðilar í Kvenfélagasambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu sem er síðan innan Kvenfélagasambands Íslands, sem eru stærstu kvennasamtök á Íslandi.

Við höldum fundi þriðja þriðjudag í mánuði, yfir vetrartímamann, byrjum í september.

Í stjórn kvenfélagsins Seltjarnar í dag eru: Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður - ragnhildurgu@gmail.com, Erna Kristinsdóttir Kolbeins, varaformaður, Katrín A. Ásgeirsdóttir, gjaldkeri - katrin@malland.is, Birna E. Óskarsdóttir, ritari - beo@internet.is, Birgit Helland, meðstjórnandi - hreinn@internet.is, Bjarney Anna Árnadóttir, meðstjórnandi - bjarney.arnadottir@internet.is og Ingigerður Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi - hilm-arfth@gmail.com

Við erum þakklátar þeim konum sem stóðu að stofnun Kvenfélagsins Seltjarnar og minnumst þeirra sem fallnar eru frá með virðingu og þökk.

Stjórn Seltjarnar



FUGLASKOÐUN Á SELTJARNARNESI



SELTJARNARNESBÆR

LAUGARDAGINN 18. MAÍ
NÆSTKOMANDI VERÐUR FARIÐ
Í FUGLASKOÐUN UM SUÐURNES
SELTJARNARNESS

Lagt verður af stað frá fuglaskilti við Bakkatjörn kl. 13:00 og gengið um Bakkagrannann og Bakkatjörn og hring um Suðurnes.

Leiðsögumaður verður Jóhann Óli Hilmarrsson, formaður Fuglaverndar.

Við hvetjum áhugafólk og aðra náttúruvinnendur til að mæta og skoða fuglalíf á Seltjarnarnesi í byrjun sumars.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness



Komið með kiki, Jóhann Óli verður með fjarsjá meðferðis

Viðtal við Katrínu Hall

Katrín Hall listdansari og fyrrum stjórnandi Íslenska dansflokksins rifjar upp árin sín á Seltjarnarnesi að þessu sinni. Hún gerðist ung dansari hjá Íslenska dansflokki og tók þátt í flestum uppfærslum á árunum frá 1981 til 1988. Á þessum tíma dansaði hún mörg burðarhlutverk og vann með fjölmörgum danshöfundum erlendum sem innlendum. Hún tók þátt í söngleikjum, óperu- og leiksýningum á sama tíma. Árið 1986 stofnaði hún danshópin Pars pro toto ásamt Láru Stefánsdóttur dansara og danshöfundu. Sama ár setti Pars pro toto upp sitt fyrsta dansverk „En andinn er veikur“ sem sýnt var í Hlaðvarpanum og unnið í samvinnu við Láru og Guðjón Pedersen leikstjóra og eignmann Katrínar. Katrín starfaði í Þýskalandi sem dansari í 9 ár áður en hún tók við Íslenska dansflokki. Eftir 16 ára starf sem listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins starfar Katrín nú sjálfsett að ýmsum verkefnum í listdansinum hér heima og erlendis. Nesfréttir settust með henni á fjalaketinum á dögum.

„Ég er alin upp á Seltjarnarnesi frá sex ára aldri og átti heima á Nesinu þar til að ég flutti úr foreldrahúsum. Foreldrar mínir eru Frank Hall og Guðlaug Magnúsdóttir og þau búa enn á Seltjarnarnesi. Þau höfðu búið tímabundið í Árbænum og víðar í Reykjavík þegar þau réðust í að byggja sér raðhús við Barðaströndina á Seltjarnarnesi. Í þá daga flutti fólk oftast inn um leið og það gat. Eins var með okkur. Við fórum inn í hálfklárað húsið. Margt var hrátt og ófrágengið. Ég eignaðist fljótt kunningja í hverfinu. Þetta voru skemmtilegir krakkar og yndislegt að alast upp í þessu umhverfi. Ég gekk í Mýrarhúsaskóla og svo seinna í Valhúsaskóla. Við stelpurnar sem áttum heima þarna í húsunum við Barðaströndina og nánasta umhverfi fylgdumst alltaf að og fórum samferða í skólann á hverjum morgni. Þá tíðkaðist það að nemendur fóru heim í hádeginu að borða hádegismat. Sumar okkar áttu heimavinnandi mæður en aðrar ekki. Móðir mín vann alltaf úti og ég varð snemma lykklabarn. Líklega eitt af þeim fyrri. Ég á tvo yngri bræður og þeir tóku svo lykklakeðjuna í arf frá mér. Átta ár eru á milli okkar systkinanna og erum við því næstum eins og þrjú einkabörn. Ég passaði bræður mína báða mjög mikið og gekk yngri bróður mínum svona hálfgerit í móðurstað enda orðin 16 ára gömul þeg-

Tengslin við Nesið eru sterk

ar hann fæddist og taldi mig vera orðna nægilega þroskaða til uppeldisstarfa. Ég gerðist líka barnapía hjá nágrannahjónum okkar. Þau voru Guðrún Katrín Þorbergsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson sem þá höfðu eignast tvíburadæturnar Döllu og Tinnu.“

Föst á að MR væri besti skólinn

Eftir Való tók MR við í lífi Katrínar. Nokkuð sem hún hafi einsett sér. „Þá var ég löngu farin að stunda ballett og hefði ef til vill átt að velja mér framhaldsskóla sem væri opnari og veitti meiri sveigjanleika og rými. En ég var föst á því að MR væri besti skólinn og þangað vildi ég fara. Ég var eiginlega komin í vinnu hjá dansflokki á þessum tíma en Guðni rektor var svo elskulegur að leyfa mér að vera að hluta utanskóla tvo síðari veturna. Þótt Guðni hefði orð fyrir að geta verið stífur tók hann mér elskulega. Hann hafði mikinn áhuga á listum og þegar hann áttaði sig á metnaði mínum, ástríðu og eldmóði held ég hreinlega að hann hafi gert sér grein fyrir að í mínu tilfelli þyrftu skólinn og ballettinn að eiga sameið og það yrði að finna leið til þess að ég gæti stundað þetta hvað með öðru. Ég man að ég kveið fyrir að fara á fund hans með þetta erindi sem sannarlega brann á mér en hann tók mér mjög vel og síðasta veturinn var ég að mestu utan skóla. Guðni reyndist mér vel og ég held að þessi hrjúfleiki hans hafi einkum verið á yfirborðinu. Hann kenndi mér ensku og var ótrúlega góður og skemmtilegur kennari. Ég skal játa það að þessi ár voru talvert strembin en allt hafðist þetta á endanum. Íslenski dansflokkurinn var stofnaður 1973 og var því tæplega 10 ára þegar þetta var. Þetta voru því mikil mótunarár og frábært fyrir ungan dansara eins og mig að fá tækifæri til þess að vinna með stofnendum flokksins og því áhugasama og ágæta fólk sem kom að honum á þessum tíma.“

Auðvelt að fara inn á nútímabrautina

En hvað gerir dansinn svona eft-



Katrín Hall.

irsóknarverðan. „Listdans er fremur ung listgrein hér á Íslandi miðað við annars staðar í heiminum þar sem listdansinn á sér langa hefð. Að mínu mati hefur það hins vegar unnið með okkur og hjálpað okkur. Hér er þetta listform ekki bundið í aldagamlar hefðir og því að mörgu leyti auðveldara og nærtækara að þróa það áfram. Nútímansinn nýtur þess að þurfa ekki að sækja til hefða fyrri alda heldur veitir rými fyrir manneskjulegri nálgun á listforminu. Auk þess sem mun áhugaverðara það er fyrir dansarana að fá að vera beinn þátttakandi í sköpunarferlinu eins og er þegar samtímansverk eru sköpuð. Þegar ég byrjaði með Íslenska

dansflokkinn urðum við að sinna öllum tegundum dansins. Íslenski dansflokkurinn setti upp og sýndi klassísk dansverk en jafnframt fengum við tækifæri til að vinna að framsæknum nútímansverkum gjarnan með höfundum sem voru að gera góða hluti í Evrópu. Oft var nú samt gott og nauðsynlegt að hafa klassíska grunninn til þess að byggja á.“ Katrín segir að þrátt fyrir þann klassíska grunn og samstarf við aðra aðila á forsendum hans hafi hún fljótt komið auga á möguleika á að snúa Íslenska dansflokki inn á nútímabrautina og stækka markaðssvæði hans. „Þetta var svona ákveðin útrásarpæling sem varð til á sama tíma að Íslendingar

fóru að koma hugbúnaði á framfæri í öðrum löndum. Þetta gekk sem betur fer eftir og vatt upp á sig eftir því sem árin liðu. Ísland er svo fámenn. Við mjólkum markaðinn eftir ákveðið magn sýninga hér á Íslandi. Eftir að búið er að leggja vinnu og fjármagn í uppsetningu á dansverki þá er synd að sýna það eingöngu kannski 6-9 sinnum hér á landi. Með því að fara erlendis og sýna verkin þar er stundum hægt að margfalda sýningarfjöldann og þar með að nýta fjárfestinguna betur og auka tekjumöguleika flokksins svo ég tali nú ekki um mikilvægi þess að koma íslenskri list á framfæri. En þetta kostaði eðlilega mikla vinnu og það þurfti að leggja plön fram í tímann. Ég gerði mér grein fyrir að slíkt myndi taka tíma, hlutir gerast ekki yfir nótt en þetta var mikilvægur partur af framtíðarsýn minni fyrir flokkinn og ég er stolt af árangrinum.“

Ballettnám er sterkur grunnur

Katrín segir að nám í listdansi sé mjög sterkur grunnur fyrir lífið sem slíkt. „Dans eykur vitund okkar um líkamann og hann kennir fólki aga. Þá er ég líka að tala um fólk sem lærir ballett eða einhvers konar dans á barnsaldri en heldur ekki áfram eða gerir hann að ævistarfi. Börn sem læra einhverja undirstöðu í dansi á unga aldri geta búið að því alla ævi.“ Katrín segir að áhugi á dansi fari almennt vaxandi. „Ég finn fyrir því með margvíslegum hætti. Þá er ég að tala um alvörudanslist á atvinnugrunni. Við eigum mikið af hæfileikaríku fólki sem lagt hefur mikla rækt við danslistina.“ Hún nefnir „Dans Dans Dans“ dagskrána sem Ríkissjónvarpið hefur verið að sýna sem dæmi. „Þetta er mjög vel heppnuð þáttaröð og okkar gluggi út til samfélagsins. Við höfum fengið úrvalsdansara í þáttinn sem er mjög mikilvægt því með þessu fá áhorfendur innsýn inn í okkar heim, okkar listform og hina ólíku tegundir dansstíla. Jafnvel fólk sem undir venjulegum kringumstæðum myndi kannski ekki fara að

sjá danssýningar uppgötvar í gegnum þessa þætti hvað danslistin getur verið áhugaverð, spennandi og aðgengileg. Ég held að fáir hafi í raun gert sér grein fyrir hversu marga úrvalsdansara við eigum hér á Íslandi. Nýtt hólf hefur verið opnað í danslistinni og áhuginn hefur gjörbreyst. Ótrúlegur áhugi sem sést ekki síst á áhorfstölum – milli 40 - 50% landsmanna fylgdust með þáttunum sem er miklu meiri fjöldi en hægt er að fá í leikhúsin eða á danssýningar nokkurn tímann. Að sjálfsögðu er ekki hægt að bera þetta tvennt alfarið saman. Listformið er þarna aðlagð að sjónvarpinu sem miðli en hins vegar vegna þess að um beinar útsendingar er að ræða verða engar endurtökur og að því leyttinu til er þetta stund augnabliksins rétt eins og í leikhúsinu eða að standa á sviði. Verði mistök koma þau fyrir augu áhorfenda rétt eins og á leiksviðinu.“

Nýr lífskaflí og tækifæri

Eftir að Katrín hætti hjá Íslenska dansflokknum urðu ákveðin kafla-

skipti í lífi hennar. „Já – það er rétt. Nú er að hefjast nýr kaflí. Ég var að hætta eftir 16 ára starf. En ég er ekki hætt í dansinum. Dansinn er bæði áhugaverður og ógrandi miðill. Ég hef verið að kenna við Listaháskólann að undanförunu og einnig erlendis. Ég er líka að semja dansverk og setja upp sýningar og ég verð að vinna bæði í Þýskalandi og í Svíþjóð á næsta ári. Það er ýmislegt á teikniborðinu hjá mér. Nú erum við bæði hjónin, ég og Guðjón Pedersen eiginmaður minn fyrrum leikhússtjóri í þessari stöðu eftir að hafa verið niðurnjörvuð nánast í 24 tíma á sólarhring um árabíl. Þetta gefur auðvitað ákveðið frelsi en maður verður líka stöðugt að vera að og á tánum því það er mikil samkeppni í faginu. Það tekur tíma að laga sig að nýjum lífsmáta. En það er líka gaman að fá tækifæri til þess að fá að starfa við það sem maður hefur áhuga fyrir og brennur á manni. En nýr lífskaflí gefur ný tækifæri.“

Tengslin eru sterk

Það átti ekki fyrir Katrínu að

liggja að ílengjast á Seltjarnarnesi. „Ég giftist eiginlega út í sveit en það skrítna við það er að sveitin mín er í Miðborg Reykjavíkur. Í miðri Kvosinni. Guðjón maðurinn minn er fæddur og uppalinn nyrst í Suðurgötunni og hefur átt þar sín heimkynni alla tíð. Á horninu á Suðurgötu og Túngötu og þetta er ættaróðal fjölskyldu hans. Þess vegna tala ég um að hafa gift út í sveit. Gift burt úr bænum mínum. En foreldrar mínir búa enn á Nesinu og ég kem oft þangað. Nokkrar æskuvinkonur mínar eru enn Nesbúar og tengslin við mína gömlu og góðu heimabyggð eru mikil og góð. Engu að síður þá er ég einnig mikil miðbæjarrotta enda búin að vera mörg ár í hringiðunni þar. Kvosin hentar mér vel til búsetu. Við erum búin að gera okkur bakgarð og við finnum ekki mikið fyrir hinu svokallaða miðborgarónæði. Hvort ég myndi enn búa á Nesinu hefði ég ekki gíft á óðalið í Kvosinni. Veit það ekki en það gæti vel verið. Tengslin eru sterk og þaðan á ég góðar minningar.“

BÍLARÉTTINGAR OG SPRAUTUN CABAS TJÓNAMATSKERFI.

Bílanes er viðurkennt af öllum tryggingafélögum Veitum vandaða þjónustu og notum hágæða efni Réttingaverkstæði, bílasprautun og húsgagnalökkun Kíktu við hjá okkur og fáðu tilboð í verkið

Bílanes, Bygggördum 8. Seltjarnarnesi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is

BÍLANES
VIÐGERÐIR RÉTTINGAR SPRAUTUN

SKIPTU UM SKOÐUN Það er ódýrara.



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

Tölvunámskeið

Kæri Seltirningur,

Seltjarnarnesbær ætlar að halda tölvunámskeið fyrir 60 ára og eldri.

Á námskeiðinu verður kennt á forritið Word, fara inn á veraldarvefinn, senda tölvupóst og ýmislegt fleira sem gæti verið hentugt að kunna. Áhersla verður lögð á að þekking aukist svo að hægt sé að nota tölvuna sem afþreyingar- og samskiptatæki.

Í boði verða 3 grunnnámskeið, sem henta vel fyrir þá sem hafa litla sem enga reynslu af tölvum. Þau verða haldin:

- 10. til 20. júní
- 24. júní til 4. júlí
- 8. til 18. júlí

Einnig ætlum við að bjóða upp á eitt framhaldsnámskeið, sem hentar vel fyrir þá sem hafa náð góðum tókum á ofantöldum atriðum. Það verður haldið:

- 22. Júlí til 1. ágúst

Hvert námskeið er 2 vikur í senn og er kennt frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 10 til 12.

Seltjarnarnesbær býður upp á þessi námskeið þér að kostnaðarlausu og er kennslan í höndum sumarstarfsmanna bæjarins.

Námskeiðin verða haldin í tölvuveri Mýrarhúsaskóla.

Skráning fer fram í síma 5959-100 í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar.

Hlökkum til að sjá ykkur!
Leiðbeinendur tölvunámskeiðsins



Skapandi starf í Mýró

Nemendur í Mýró vinna að mjög fjölbreyttum verkefnum í skólanum. Mesta fjölbreytni er í list- og verkgreinum að öðru ólöstuðu. Í tónmennt læra nemendur um hina ýmsu tónlistarstíla og syngja og dansa. Þá er farin af stað hin árlega stuttmyndakeppni, sem Inga Björg tónmenntakennari stendur fyrir, en úrslit verða kunngerð á vorhátíðinni.

Í heimilisfræðinni læra nemendur um hollustu matvæla, endurvinnslu og moltugerð auk þess að baka og elda. Í textílmenntinni er fjölbreytni

in mikil. 6. bekkingar hanna og þrjóna húfu, fjórðu bekkingar læra um endurnýtingu og gera brúðu úr gömlum sokk. Eitt verkefnið er sérlega vinsælt en þá búa nemendur sér til sinn eigin bangsa og sauma og þrjóna á hann fót að vild. Saumuð eru rúmföt og í smíðinni er smíðað rúm handa bangsa. Þar eru auk þess smíðuð til lykklahús, speglar, minnstöflur og snagar. Í myndmennt læra nemendur þrívíddar-teikninu, vinna í leir og mála. Svona mætti lengi telja

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

www.borgarblod.is



EBBI RADIO 106,5

Ungmennaútvarpsstöð á vegum Selsins
daganna 21. - 24. maí.

Láttu ekki útvarpsstjórnur framtíðarinnar
framhjá þér fara.

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Að búa á Seltjarnarnesi

Eftir Björn S. Stefánsson.

Ég hef aldrei átt heima á Seltjarnarnesi, en ég hef verið nágranni um árabil. Ég fór að sækja sundlauginna þar, af því að húð mín mældist með ofnæmi fyrir vatninu í Vesturbæjarlauginni. Síðan kom skokkið og í framhaldi af því vatnsleikfimin, þegar hún hófst. Þá sæki ég jóg-að á Skólabraut. Á þennan hátt hef ég kynnst á Seltjarnarnesi virku samfélagi. Ég öfunda Seltirninga af því. Fyrir allöngu var ég í forystu íbúasamtaka Vesturbæjar. Nú verð ég yfirleitt ekki var við starf þeirra og reyndar ekki neinn bæjaranda, þar sem ég á heima vestast í Vesturbænum.

Ég starfa í JL-húsinu, í Reykjavík-

urakademíunni. Þar rek ég fyrirtækið Lýðræðissetrið ehf. Það kynnir aðferðir við atkvæðagreiðslu og kosningu, sem eru öðrum aðferðum fremri, svo ég segi sjálfur frá. Þær heita ráðval og sjóðval. Við sækjumst eftir frekari reynslu af aðferðunum, enda er hvert nýtt dæmi til skilningsauka. Aðferðirnar má nota til að nálgast niðurstöðu, en endanleg afgreiðsla málsins getur farið fram eftir sem áður. Með því að viðhafa sjóðval á Seltjarn-

arnesi trúi ég, að góður félagsandi megi varðveitast.

Fyrir nokkrum árum kynnti ég ráðamönnum Reykjavíkurborgar sjóðval. Þeim virtist lítast vel á að nota það við að móta mál, áður en frá þeim yrði gengið til afgreiðslu, en fyrr en varði voru þessir ráðamenn horfnir úr sínum stöðum. Ég hef ekki lagt í að flytja mál mitt aftur á þeim vettvangi. Ég hef áhuga á að kynna nefndarmönnum á Seltjarnarnesi sjóðval. Það er best

að gera á tímum, þar sem ekki er aðkallandi að reyna aðferðina. Við skátar lærðum einmitt hjálp í viðlögum, þegar ekkert var að, en ekki á slyssað. Það er meira mál að skýra þetta en Nesfréttir rúma. Á vefsíðu Seltjarnarneskaupstaðar má finna sjóðval betur skýrt og hvernig ég hugsa mér kynninguna. Svo er ég til viðtals í Lýðræðissetrinu ásamt aðstoðarmanni mínum Arnþóri Helgasyni.

Hrúðurkerling Gerðar sigraði



Þær voru hver annarri betri myndirnar sem sendar voru inn í ljósmyndakeppninni sem Seltjarnarnesbær efndi til í tilefni af Fjölskyldudeginum í Gróttu 13. apríl síðastliðinn.

Dómnefndinni var mikill vandi á höndum en komst að þeirri niðurstöðu að myndin Hrúðurkerling í Gróttu eftir Gerði Úlfarsdóttur skyldi bera sigur úr býtum. Myndin þykir fanga hið glaðværa andrúmsloft sem ríkti á Gróttudeginum á frumlegan og kómískan hátt auk þess að vísa til fjölskrúðugs lífríkis í fjörinni við Gróttu. Seltjarnarnesbær óskar vinningshafanum innilega til hamingju með sigurinn en hún hlýtur að launum Ljósmyndabók frá Ljósmyndavörum, þar sem hún getur látið prenta út tíu myndir og fengið innbundnar í bók.

Reiðhjól í óskilum!

Þrjú reiðhjól eru í óskilum hjá Áhaldahúsi Seltjarnarness.

Upplýsingar gefur
Jón Ingvar Jónasson
í síma 595 9185

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



FÉLAGSSTARF ELDRI BÆJARBÚA

Hann heilsaði nú ekki hlýlega 2 maí, dagurinn sem eldri borgarar fögnuðu sumarkomunni og héldu hátíð. En með sól í sinni og gleði í hjarta átti um 50 manna hópur ánægjulega kvöldstund. Í boði var matur frá Grillvagninum, bæði lamb og kalkúinn með öllu tilheyrandi. Ung og upprennandi söngkona Unnur Eggertsdóttir söng við undirleik föður síns Eggerts Guðmundssonar og stjórnðu þau jafnframt fjöldsöng. Árni Norðfjörð þandi nikkuna og lék fyrir dansi. Flutt voru ljóð og gamanmál, mikið sungið og dansað fram eftir kvöldi og var það einróma álit þátttakenda að kvöldið hafi verið hin besta skemmtan.

Dagskrá félagsstarfsins næstu daga og vikur verður með nokkuð hefðbundnu sniði. Þó má aðeins minna á eftirfarandi:

16. maí / fimmtudagur. Félagsvist salnum Skólalbraut kl. 13.30.

21. maí / þriðjudagur. Spjall með hjúkrunarfræðingi salnum Skólalbraut kl. 10.00.

22. maí / miðvikudagur. Síðasti handavinnudagurinn í vetur.

22. maí/ miðvikudagskvöld. Yngri og eldri. Gaman-saman kvöldstund í Selinu kl. 20.00.

23. maí / fimmtudagur. Bingó salnum Skólalbraut kl. 13.30.

27. og 30. maí þ.e. mánudag og fimmtudag fellur jóga niður vegna uppsetningar á handverkssýningu.

Síðustu dagar leirnámskeiða, gler og listasmiðju eru í samráði við leiðbeinendur.

Boðið verður upp á tölvunámskeið eins og undanfarin tvö sumur. Námskeiðin eru bæði byrjendanámskeið og fyrir lengra komna.

Eins og áður eru það krakkar frá Unglingaráði Selsins sem sjá um þessi námskeið.

HANDVERKSSÝNING

31. maí og 1. júní, þ.e. föstudagur og laugardagur. Handverkssýning eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi í salnum Skólalbraut 3-5. Sýningin er opin frá kl. 14.00 – 18.00 báða dagana. Margt fallegra og forvitnilegra muna. Allir hjartanlega velkomnir. Kaffisala og vöffur.

SUMARFERÐIN er svo fyrirhuguð fimmtudaginn 27. júní. Til stendur að fara í Landmannalaugar. Farið verður tiltölulega snemma dags og komið heim að kvöldi. Skipulagning er farin af stað og allar upplýsingar ættu að liggja fyrir um mánaðamótin en þá getur skráning hafist hjá Kristínu í síma 8939800.

Nú fer að líða að lokum eiginlegrar vetrardagskrár hjá tómsunda og félagsstarfinu. Ýmislegt verður þó á döfinni í sumar. Við fáum eins og undanfarin tvö sumur að njóta starfskrafta Unglingaráðs og krakka frá bæjarvinnunni. Til stendur því að halda úti gönguhópum, botsía, félagsvist, bingó, pútti ásamt ýmsum öðrum uppákomum. Jóga heldur sínum tíma í sumar og einnig verður kaffi í króknum alla virka daga kl. 10.30. Þegar línur skírast og dagskrá liggur fyrir nú í byrjun júní munu verða gefar út nánari upplýsingar og tímasetningar bæði um sumarferðina og dagskrána framundan.

GLEÐILEGT SUMAR

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

UMHVERFISHORNID

Innkaupapokar

Umhverfisnefnd sendi margnota innkaupapoka á öll heimili á Seltjarnarnesi fyrir sumardaginn fyrsta. Með þessu er umhverfisnefnd að hvetja bæjarbúa til að draga úr notkun á plastinnkaupapokum. Plast er ein mesta umhverfisváin í dag. Unnt er að festa kaup á margnota innkaupapokum í mörgum stórmörkuðum.



Hundabann á varptíma



Frá og með 1. maí til 15. júlí er óheimilt með öllu að hafa hunda og ketti í námunda við varpstaði fugla. Öllum eigendum skráðra hunda á Seltjarnarnesi hefur verið sent bréf vegna þessa. Einnig hafa verið birtar auglýsingar í Nesfréttum, Vesturbæjarblaðinu og Reykjavíkurblaðinu.

Í seinni tíð hefur katta- og hundaeign bæjarbúa aukist verulega. Því er mikilvægt sem aldrei fyrr að eigendur dýranna virði þær reglur sem settar hafa verið til verndar umhverfi og fuglavarpi. **Lausaganga hunda er alltaf óheimil á Seltjarnarnesi**, en ekki er svo vel að allir hundaeigendur virði það bann. Töluvert er kvartað yfir óþrifnaði vegna hunda og ekki síður er kvartað vegna ágangs katta í gördum. Fuglar hverfa úr gördum þar sem kettir eru. Því eru katta eigendur hvattir til að setja á þá bjöllu. Því miður horfum við upp á ketti veiða litlu andarungana í fjöruborðinu á vorin. Einnig á veturna þegar bæjarbúar eru að gefa fuglum. Þær raddir gerst háværarí hin síðari ár að setja beri skýrari reglur um lausagöngu katta.

Margir hafa ofnæmi fyrir gæludýrum, sérstaklega köttum. Ofnæmisvaldar frá gæludýrum fylgja próteini í húðflögum þeirra, munnvatni, þvagi og saur. Um er að ræða smáar agnir sem þyrlast auðveldlega upp. Áreitið er mest á dvalarstað dýranna, en rannsóknirnar sýna að ofnæmisvaldarnir berast auðveldlega um, t.d. með fólki, á staði þar sem gæludýr hafa aldrei komið.

Í bréfi til umhverfisnefndar í nóvember 2011 segir Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar „Reglur um hunda á Seltjarnarnesi eru síst of harðar að mínu viti, þar er hagar fuglanna hafður að leiðarljósi. Það á ekki að rýmka reglur, miklu frekar að fylgja betur eftir þeim reglum sem gilda. Uppfræða þarf hundaeigendur um skaða þann og truflun sem hundar geta valdið meðal fuglanna. Ég hef hvað eftir annað orðið var við fólk með lausa hunda, bæði heimamenn en ekki síður fólk sem kemur langar leiðir og sleppir hundum án þess að hafa taumhald á þeim. Þessir hundar vaða jafnvel í fugla við Bakkatjörn, leika sér frjálslir á Kotagranda og fæla fugla. Hundar þurfa að fá að hlaupta aðeins og hreyfa sig og teygja, en það þarf að gerast á stöðum sem henta til slíks. Hundaeign er vaxandi og einkum þó ásókn fólks að víðra hundana á Nesinu. Ef slakað yrði á klónni yrði fljótt ófremdarástand.“

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

Liðsheildin góð og metnaðurinn til fyrirmyndar

Meistaraflokkur Gróttu hefur nú hafið leik í 2. deild Íslandsmótsins í fótbolta. Fyrsti leikur liðsins var á móti ÍR í Breiðholti þar sem Gróttumenn töpuðu á dramatískan hátt á móti ÍR í fyrsta leik 0-1. Gróttuliðið er einnig komið í þriðju umferð Valitor-bikarkeppninnar eftir að hafa lagt fjórðu deildarlið KH og Stálúlfs að velli í fyrstu tveimur umferðunum. Nesfréttir heyrðu hljóðið í Ólafi Brynjólfssyni þjálfara liðsins og Guðmundi Marteinu Hannessyni fyrirlíða en Ólafur tók við Gróttuliðinu síðasta haust með Jens Elvar Sævarsson sér við hlið sem spilandi aðstoðarþjálfara. Ólafur segir undirbúning liðsins hafa gengið vel í vetur og að menn séu klárir í sumarið.

„Veturinn reyndist okkur góður og við misstum varla úr æfingu vegna veðurs. Menn hafa lagt hart að sér og eru í góðu standi eins og sagt er. Liðinu hefur gengið vel í þeim leikjum sem við höfum spilað og ekki má gleyma frábærri æfingakerfi sem við fórum til Svíþjóðar um páskana.“ Ólafur hefur á ferli sínum þjálfað hjá Val og Breiðablik svo við spyrjum hvernig honum líki að starfa hjá Gróttu á Seltjarnarnesi? „Hér er mjög gott að vera og aðstaðan og umgjörðin hjá Gróttu eins og hjá úrvalsdeildarliði. Hvað hópinn varðar að þá voru fyrir margir góðir leikmenn og nokkrir hafa svo bæst við í vetur. Gróttu á einnig marga unga og efnilega leikmenn sem ég



Meistaraflokkur Gróttu.

fékk tækifæri til að vinna með í sérstökum afreksþóp í vetur.“

Spáð fimmta sæti

Í spá þjálfara og fyrirlíða félaganna í 2. deild var Gróttu spáð 5. sæti sem kom mörgum á óvart miðað við gott gengi í vetur. Ólafur hefur þó litlar áhyggjur af spánni: „Mér líst bara ágætlega á þessa spá. Okkur er spáð í efri hlutanum og þar ætlum við okkur að vera í baráttu um sæti í 1. deild. Það er mörg sterk lið sem ætla sér upp og því verður hver leikur úrslitaleikur. Liðsheildin og metnaðurinn er til fyrirmyndar hjá strákunum og við hlökkum mikið til að hefja leik og stefna saman að því að ná markmiðum okkar.“

Vonar að sem flestir mæti á völlinn


Guðmundur Marteinu Hannesson mun bera fyrirliðaband Gróttuliðsins þriðja árið í röð en hann hefur leikið 83 leiki fyrir félagið. Eins og flestir vita átti Gróttu slakt tímabil í fyrra og endaði mun neðar en vonir stóðu til. Við spyrjum Guðmund hvað hafi breyst hjá liðinu: „Ég held að liðsheildin sé betri og menn séu almennt jákvæðari. Það getur verið að við höfum vanmetið 2. deildina ósjálfrátt í fyrra og haldið að við myndum klára þetta með vinstri. Það er aldeilis ekki þannig því deildin styrkist með hverju ári en mörg liðanna hafa mikinn metnað til að komast upp.“ En hvað þarf að gerast til að Gróttu komist upp? „Þetta



Ólafur Brynjólfsson þjálfari Gróttu.

ræðst ekki á nokkrum leikjum heldur þarf að sýna þolinmæði, taka einn leik í einu og halda mótið út. Við höfum á að skipa breiðum leikmannahópi sem er mikilvægt þegar menn meiðast eða fá leikbönn. Ég verð líka að nefna stuðning áhorfenda sem getur skipt sköpum. Stuðningurinn núna í fyrstu leikjunum hefur verið ótrúlegur og maður fær auka-kraft inn á völlinn þegar heyrir í mönnum syngja og hrópa í stúkunni. Það er góður kjarni sem hefur fylgt okkur vel síðustu ár og vonumst við í liðinu auðvitað til að fleiri komi í kjölfarið og taki þátt í gleðinni. Það er skemmtilegt fótboltasumar í vændum og það væri gaman að sjá sem flesta Seltirninga í stúkunni að styðja við bakið á okkur“ segir Guðmundur Marteinu sem verður í eld-línunni í sumar ásamt félögum sínum í Gróttuliðinu.

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!





Góður árangur á fimleikamótum



Glæsilegur fimleikahópur.

Fimleikadeild Gróttu tók þátt í fjölmörgum fimleikamótum í apríl með góðum árangri. Það er gaman að sjá þennan góða árangur í ólíkum keppnisgreinum fimleika og sýnir það þá miklu breidd sem að er innan deildarinnar. Árangurinn er einnig ánægjuleg staðfesting á því hvað iðkendur og þjálfarar hafa æft vel í vetur.

Gróttu sendi fjögur lið til keppni á hóp fimleikamót Fylkis og stóðu þau sig frábærlega, komu heim með fimm gull, fjögur silfur og eitt brons. Keppt var í tveimur aldursflokkum, Gróttu var með tvö lið í hvorum flokki. Yngri liðin kepptu um morguninn og voru 11 lið frá sex félögum mætt til keppni. Gróttu T3 sigraði á gólfi, dýnu og í samanlögðu og varð í 3. sæti á trampólíni. Gróttu T5 keppti einnig í þessum flokki, hópurnir varð í 5. sæti á gólfi og í samanlögðu og í 6. sæti á dýnu og trampólíni. Eldri liðin kepptu svo í lok dags en í þeim flokki kepptu sjö lið frá fjórum félögum. Stelpunum í Gróttu T2 var skipt í tvö lið, gula og bláa liðið. Keppnin var mjög jöfn og spennandi á milli Gróttu liðanna og Fylkis. Úrslitin urðu þau að Gróttu T2 gulur sigraði í dansi og í samanlögðu og varð í 2. sæti á trampólíni, Gróttu T2 blár varð í 2. sæti á gólfi, dýnu og í samanlögðu og Fylkir varð í 1. sæti á dýnu og tampólíni

og í 3. sæti í samanlögðu.

Alls kepptu 25 keppendur frá Gróttu á Mínerumóti Fimleikafélagsins Bjarkar. Stella Kristjánsdóttir Sullca sigraði í fjölþraut í 3. þrepi, auk þess varð hún í 1. sæti á tvíslá og gólfi og í 3. sæti á stökki og slá. Cristina Isabel Agueda varð í 1. sæti á gólfi í 3. þrepi. Sunna Kristín Ríkarðsdóttir sigraði í fjölþraut í 4. þrepi 10 ára, auk þess varð hún í 1. sæti á stökki, tvíslá og gólfi og í 2. sæti á slá. Elísa Inger Jónsdóttir sigraði á tvíslá í 4. þrepi 11 ára og varð í 3. sæti á stökki. Gróttu sendi einnig fjögur lið til keppni í 5. þrepi og komust þrjú þeirra á verðlaunapall.

Bikarmót FSÍ í almennum fimleikum fór fram í Keflavík í apríl. Gróttu varð bikarmeistari í flokki 11-12 ára stúlkna og í 2. sæti í flokki 13 ára stúlkna. Í bikarmeistaraliði Gróttu voru þær Ella María Georgsdóttir, Guðrún Soffía Hauksdóttir, Hildur Jóhannesdóttir og Marta Ákadóttir.

Vetrarstarfi fimleikadeildar Gróttu lýkur með Innanfélagsmóti 24.-25. maí sem að allir iðkendur deildarinnar taka þátt í. Boðið eru upp á æfingar í sumar fyrir þá sem að æfðu fimleika hjá deildinni í vetur, hægt er að nálgast nánari upplýsingar um sumaræfingarnar með því að senda póst á fimleikar@grottasport.is.

Æfingaferðir hjá 3. og 4. flokki



Keppt var í ýmsum greinum í ferðinni hjá 4. flokki.

Fótoltasumarið er hægt og rólega að renna upp en síðustu vikur hafa yngri flokkarnir undirbúið sig af kappi fyrir komandi átök. Í byrjun apríl fóru krakkarinnir í 4. flokki karla og kvenna í skemmtilega æfingaferð á Voga í Vatnsleysuströnd.

Æft var í íþróttahúsi Voga undir stjórn þeirra Ásgeirs, Dusans og Magnúsar en hópurnir fékk einnig aðgang að félagsmiðstöð og sundlaug bæjarins. Á laugardagskvöldi var slegið upp íþróttamóti þar sem keppt var í ýmsum greinum þar

sem krakkarnir sýndu á sér glænýjar hliðar. Góðri ferð lauk svo á sunnudegi með hörku innanhúsmóti. Tveimur vikum síðar hélt 3. flokkur karla norður í land og æfði við bestu aðstæður í knattspyrnuhöllinni Boganum. 26 manna hópurnir æfði fjórum sinnum en einnig var farið í keilu og sund og fleira skemmtilegt gert. Öxnadalsheiðin var þungfær á heimleiðinni en allir komust heilir á höldnu til sinni heima eftir ferð sem þjappaði hópnum vel saman fyrir keppnistímabilið.

Knattspyrnuskóli og akademía í sumar

Í sumar mun Gróttu bjóða upp á knattspyrnuskóla fyrir krakka fædd 2003 til 2007 og knattspyrnuakademíu fyrir þau sem fædd eru 1999 til 2002.

Metaðsókn var á námskeiðin í fyrra og fékk knattspyrnuskólinn gæðavottun KSÍ enn eitt árið. Orri Axelsson verður skólastjóri knattspyrnuskólans en landsliðskonan Anna Björk Kristjánsdóttir og Jóhannes Hilmarsson, leikmaður meistaraflokks, verða aðalleiðbeinendur. Æfingarnar verða fjölbreyttar og skemmtilegar og er



Orri, Anna Björk og Jóhannes.

aldrei að vita nema góðir gestir úr fótboltaheiminum kíkji í heimsókn.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

www.grottasport.is

Góður árangur hjá Domino í Moskvu

Dominiqua Alma Belányi Gróttu keppti á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem að fór fram í Moskvu í apríl. Keppendur frá 37 löndum tóku þátt að þessu sinni, en alls kepptu 168 karlar og 93 konur um Evrópumeistarátítilinn.

Keppt var eftir nýjum reglum Alþjóða fimleikasambandsins, en nýjar reglur eru gefnar út eftir hverja Ólympíuleika. Domino sýndi öruggar og vel framkvæmdar æfingar á öllum áhöldum og endaði sem stigahæsta íslenska konan í fjölþraut. Hún varð í 35. sæti, sem að er besti árangur sem íslenskur keppandi hefur náð í fjölþraut í kvennaflokki á Evrópumóti. Hún var einungis 0.067 stigum frá sæti varamanns inn í 24 manna úrslit í fjölþraut. Góður árangur á þessu stórmóti hjá Domino og góð hvatning fyrir næstu mót. Domino keppir með landsliðinu á Smáþjóðaleikunum í Lúxemborg í byrjun júní og í lok júní keppir hún ásamt fleiri stúlkum úr Gróttu á alþjóðlegu móti í Hollandi og hún endar sumarið á Háskólaleikunum í Kazan í Rússlandi.

Bikarmót FSÍ í almennum fimleikum fór fram í Keflavík í apríl.



Dominiqua Alma Belányi ásamt þjálfurum sínum.

Gróttu varð bikarmeistari í flokki 11-12 ára stúlkna og í 2. sæti í flokki 13 ára stúlkna. Í bikarmeistarakomunum Gróttu voru þær Ella María Georgsdóttir, Guðrún Soffía Hauksdóttir, Hildur Jóhannesdóttir og Marta Ákadóttir.

Vetrarstarfi fimleikadeildar Gróttu lýkur með Innanfélagsmóti 24.-25. maí sem að allir iðkendur deildarinnar taka þátt í. Boðið eru upp á æfingar í sumar fyrir þá sem að æfðu fimleika hjá deildinni í vetur, hægt er að nálgast nánari upplýsingar um sumaræfingarnar með því að senda póst á fimleikar@grottasport.is.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Pétur Steinn Þorsteinsson. Pétur er 15 ára gamall og leikur knattspyrnu með 2. og 3. flokki Gróttu. Á dögum var Pétur valinn í U-17 ára landslið Íslands sem tók þátt í alþjóðlegu æfingamóti í Wales. Pétur kom við sögu í öllum þremur leikjum Íslands sem endaði í öðru sæti á mótinu.



Fullt nafn? Pétur Steinn Þorsteinsson.
Fæðingard. og ár? 21. júlí 1997.

Starf? Nemi.

Bifreið? Hjólið hjá vini mínum Kjartani.

Helstu kostir? Jákvæður og metnaðarfullur.

Eftirlætis matur? Lambakjöt með Bernaise er gómsætt.

Eftirlætis tónlist? Allt með Justin Timberlake.

Eftirlætis íþróttamaður? Að sjálf-sögðu David Beckham. Toppmaður!

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Ábyggilega Friends og svo er alltaf gaman að horfa á fótbolta.

Besta bók sem þú hefur lesið? Held að ég hafi aldrei klárað að lesa bók en annars var ég eitthvað byrjaður á "Ég er Zlatan".

Uppáhalds leikari? David Luiz.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Hef enga uppáhalds en horfi á Spennu/hasar myndir.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Ábyggilega það sem flestir unglingar gera þessa dagana, sit heima í tölvunni

á Facebook. En fer reglulega út í fótbolta og golf.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Nesið á góðum sólardegi.
Hvað metur þú mest í fari annarra? Persónu- og heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta? David Beckham

Uppáhalds vefsíða?

Facebook er eina sem kemur til greina.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Ferð á Man Utd leik.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Þjóa Gróttuliðinu í æfingaferð til Brasilíu.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Myndi reisa knattspyrnuhöll uppá Valhúsaæð.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Fyrst og fremst að komast langt í fótbolta.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Fór meðal annars til Spánar á Costa Blanca cup með Gróttu og einnig út til reynslu hjá danska liðinu AGF.

MIKLABORG

Mikil sala – vantar eignir

Mikil sala hefur verið á íbúðum, hæðum og minni raðhúsum á Nesinu á síðustu misserum. Er með langan kaupandalista á eignum á Nesinu. Bæði er um að ræða bein kaup sem og möguleika á að stækka/minnka við sig.

Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Norræna húsið og Cirkus Xanti kynna:

**VOL
CAN
O**

**Sirkushátíð
í
Vatnsmýrinni**

**4.-14.
Júlí
2013**

Cirkus Cirkör

sýnir *Wear it Like a Crown* í Borgarleikhúsinu

Cirkus Xanti

Burnt out Punks

Sirkus Íslands

Fidget Feet - Kallo Company

Animal Religion Show - Pain Solution Kabarett

Ron Bee'i - Frida - Tumble Cirkus - Betti Combo

Sirkusnámskeið fyrir börn og unglina

Sex sirkustjöld,
magnaðar sirkussýningar fyrir alla
fjölskylduna,
kaffihús,
götuleikhús, tónleikar, miðnætur-
kabarett, og skeggjaða konan!

Fritt er inni þorpið sjálft þar sem sirkuslífið
er í fullum gangi allan daginn.

**Miðasala á midi.is,
Norræna húsinu og
Borgarleikhúsinu**
á sýningu Cirkus Cirkör.

**Miðasala
á
midi.is**